

2016



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Lokaskýrsla til Vegagerðarinnar


Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi

með áherslu á náttúrufar og myndrænt svipmót



Snævarr Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir og Reynir Gunnarsson

Litlubró 2,
780 Höfn í Hornafirði
31. mars 2016

 NÁTTÚRUSTOFA SUÐAUSTURLANDS		Nýheimar, Litlubrú 2 780 Höfn í Hornafirði www.nattsa.is	
Skýrsla nr NattSA 2015-02	Dagsetning 31. mars 2016	Dreifing Opin	
Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi með áherslu á náttúrufar og myndrænt svipmót		Fjöldi síðna 45	
		Fjöldi korta 9	
		Verknúmer 1215	
Höfundar: Snævarr Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir og Reynir Gunnarsson			
Verkefnið var styrkt af Vegagerðinni			
Samstarfsaðilar Þorsteinn R. Hermannsson og Hörður Bjarnason hjá Mannvit, Jón Garðar Bjarnason, Grétar Már Þorkelsson frá lögregluumdæmi Suðurlands, Helga Árnadóttir og Þórhildur Magnúsdóttir Vatnajökulspjóðgarði – Suðursvæði. Einar Björn Einarsson og Þorvarður Árnason.			
Útdráttur Vegagerðin hefur um árabíl útbúið áningarstaði við hringveginn sem eru ætlaðir vegfarendum til hvíldar, vegupplýsinga og fræðslu. Þeim er oft valin staðsetning þar sem útsýni, umhverfi eða menning teljast athyglisverð. Markmið verkefnisins, sem hér er greint frá, var tvíþætt: a) að draga saman ábendingar um tíu mögulega áningarstaði við hringveginn á Suðausturlandi og b) hugmynd að áherslutengingu (þematengingu) þeirra auk annarra sem þegar eru til staðar á þeim vegkafla. Áherslurnar skyldu taka mið af því sem höfðar til ferðamanna, t. d. áhugavert myndefni við hringveginn, athyglisverðar jarðmenjar, lífríki og menning. Á Suðausturlandi liggur ein fegursta vegleið á Íslandi vegna fjölbreytileika lands og stórbrotins útsýnis til fjalla og jökla. Með áherslutengdum áningarstöðum getur þessi hluti hringvegarins tekið að sér hlutverk útsýnis- eða ferðamannavegar án þess að koma niður á umferðaröryggi eða kosta þurfi miklum fjármunum til. Ástæða er þó til að fjölga áningarstöðum, þó ekki væri nema í lágmarksstærð, því ferðamenn stöðva gjarnan á ferð sinni vegna áðurgreindra þátta. Með fjölgun vegútskota á vel völdum stöðum má halda áfram að reyna að draga úr þeirri hættu sem skapast hefur undanfarin ár hefur vegna þess að ferðamenn stöðva bíla á vegi eða vegöxl til þess að taka myndir. Þar vinni saman akstursöryggi á hringveginum en jafnframt að auka við ánægju ferðalanga af vegleiðinni sjálfri.			
Lykilorð Áningarstaðir, ferðamannavegur, hringvegurinn, Suðausturland.			

Heiti verkefnis: Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi með áherslu á náttúrufar og myndrænt svipmót.

Rest area and secure parking places at the National Road 1 (ring road) in Southeast Iceland, with nature features and scenery as a theme.

Verkefnisaðili: Náttúrustofa Suðausturlands,
Litlubró 2, 780 Höfn í Hornafirði,
Sími: 470 8060

Verkefnisstjóri: Snævarr Guðmundsson, Náttúrustofu Suðausturlands.

Aðrir þátttakendur; Kristín Hermannsdóttir á Náttúrustofu Suðausturlands, Reynir Gunnarsson rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði, Þorsteinn R. Hermannsson og Hörður Bjarnason hjá Mannvit, Jón Garðar Bjarnason, Grétar M. Þorkelsson frá lögregluumdæmi Suðurlands, Helga Árnadóttir og Þórhildur Magnúsdóttir Vatnajökulsþjóðgarði – Suðursvæði.

Texti og umbrot: Snævarr Guðmundsson

Forsíðumynd: Áningarstaður við Lindárbrekku, Berufirði. Ljósmynd: S. Guðmundsson, 2015.

Aðrar ljósmyndir: Einar Björn Einarsson (EBE), Kristín Hermannsdóttir (KH), Sigríður G. Björgvinsdóttir (SGB) og Snævarr Guðmundsson (SG).

Prentun: Oddi

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

Lokaskil skýrslu: 31. mars 2016

Efnisyfirlit

Myndaskrá	6
Töfluskrá	6
1. Formáli.....	7
2. Tilviksathugun	8
3. Vettvangssvæði	12
4. Áningarstaðir á Suðausturlandi	13
5. Álitlegir áningarstaðir	14
Staður 1 Háöldukvísl – Stórirfarvegur – Skeiðarársandur.....	14
Staður 2 Falljökulskvísl, Öræfasveit.....	16
Staður 3 Kvíáraurar, Öræfasveit	17
Staður 4 Fífutjörn, Suðursveit.....	18
Staður 5 Viðborðssel, Mýrar.....	20
Staður 6 Þveit í Hornafirði	21
Staður 7 Laxárdalur og Jökulsá í Lóni	22
Staður 8 Fjörusporður við Hvalnes í Lóni	24
Staður 9 Þangbrandsbryggja, Álftafjörður.....	25
Staður 10 Streiti, milli Berufjarðar og Breiðdalsvíkur	26
6. Ferðamannavegir	28
7. Hringvegurinn á Suðausturlandi.....	29
8. Hvað þyrfti til að gera ferðamannaveg?.....	30
9. Tillaga um merkingar á ferðamannavegi.....	30
Samantekt	34
Viðauki A Áningarstaðir (2015)	36
Viðauki B.....	40
Heimildir	43
Viðauki C Minnisblað um umferðaröryggi.	45

Myndaskrá

Mynd 1. Hringvegurinn um Ísland.....	7
Mynd 2. Á hringveginum í Hamarsfirði.....	9
Mynd 3. Áningarstaður á Skeiðarársandi.....	10
Mynd 4. Útsýni til Svínafellsfjalls og Virkisjökuls í Öræfasveit.....	11
Mynd 5. Hreindýr eru algeng sjón á Suðausturlandi.....	11
Mynd 6. Áningarstaðir og útskot á Suðausturlandi.....	12
Mynd 7. Tillögur nr. 1, Stórirarvegur og 2 Falljökulskvísl.....	15
Mynd 8. Núverandi áningarstaður við Háöldukvísl.....	16
Mynd 9. Útsýni til austurs frá Kvíáraurum.....	17
Mynd 10. Tillögur nr. 2, Falljökulskvísl og 3 Kvíáraurar, austan Kvíárjökuls.....	18
Mynd 11. Tillaga nr. 4, Fífutjörn í Suðursveit.....	19
Mynd 12. Fífutjörn í Suðursveit. Ljós. SG, 2014.....	19
Mynd 13. Viðborðssel á Mýrum. Ljós. SG, 2014.....	20
Mynd 14. Tillaga nr. 5, Viðborðssel á Mýrum og 6 Þveit í Hornafirði.....	21
Mynd 15. Vatnið Þveit í Hornafirði. Ljós. SG, 2016.....	22
Mynd 16. Tillögur nr. 7, Laxárdalur í Lóni og nr. 8 Fjörusporður undir Hvalnesfjalli.....	23
Mynd 18. Mynd tekin með dróna staðfestir að toppur Snæfells sést frá Lóni.....	23
Mynd 17. Útsýni frá hringveginum til Laxárdals.....	24
Mynd 19. Aðkoma að Fjörusporði, undir Eystrahorni.....	25
Mynd 20. Tillaga nr. 9, Þangbrandsbryggja í Álftafirði.....	26
Mynd 21. Nærri Þangbrandsbryggju í Álftafirði. Ljós. SG, 2010.....	26
Mynd 22. Tillaga nr. 10, Streiti, austan Berufjarðar.....	27
Mynd 23. Streiti.....	28
Mynd 24a-b. Frá Sierra de las Nieves á Spáni.....	29
Mynd 25. Aðvörunarskilti sem einungis er á íslensku. Ljós. SG, 2015.....	31
Mynd 26a-c. Vegvísun á áningarstaði við hraðbrautir í Frakklandi og Þýskalandi.....	32
Mynd 27. Tillaga að vegvísun að áningarstað við ferðamannveg.....	33
Mynd 28. Dæmi um upplýsingar á skiltum við áningarstaði á ferðamannavegi.....	34

Töfluskrá

Tafla 1. Áningarstaðir, taldir frá Skeiðarársandi austur að Streitishvarfi í S-Múlasýslu.....	36
Tafla 2. Röð (nr.) talin frá Skeiðarársandi til Streitishvarfs.....	40

1. Formáli

Sótt var um styrk frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar árið 2015 til þess að leggja fram tillögur um álitlegar staðsetningar framtíðar áningarstaða, við hringveginn á Suðausturlandi. Hugmyndir um áningarstaði á þessu svæði eru ekki nýjar af nálinni og nær forsagan lengra aftur en vangaveltur skýrsluhöfunda um þetta viðfangsefni. Í minnisblaði Sigurlaugar Gissurardóttur frá Brunnhól á Mýrum (2005), er þess getið að fundað hafi verið um staðsetningu áningarstaða og fræðsluskilti 15. apríl 2000. Þar hafi verið óskað eftir hugmyndum heimamanna og stofnaður vinnuhópur til þess að vinna heildarhugmynd að áningarstöðum í Austur-Skaftafellssýslu. Nokkrir áningarstaðir, sem gerðar voru tillögur að, hafa verið settir upp og gerðar úrbætur á vegum, að þeirra óskum. Sumir áningarstaðir höfðu þegar verið hannaðir og komnir í framkvæmd á þeim tíma.

Berglind Steinþórsdóttir (2008) fjallaði um áningarstaði við hringveginn á Suðausturlandi í B.S. verkefni í ferðamálafræði. Hún tók fyrir aðstöðu og upplýsingamiðlun á áningarstöðunum á þessu svæði og hvaða þýðingu áningarstaðir geta haft fyrir vegfarendur, ekki síst ferðafólk.

Í þessu verkefni stóð hins vegar til að fá nokkra sérfræðinga saman og að tillögurnar byggðu að lokum á þverfaglegu áliti um áningarstaðina. Í umsókninni fólst einnig tillaga um að á ~300 km vegkafla, frá Skeiðarársandi í Austur-Skaftafellssýslu austur að Streitishvarfi í Suður-Múlasýslu, væru áningarstaðir áherslutengdir. Þessi vegkafla gæti því einnig gegnt hlutverki útsýnis- eða ferðamannavegar án þess að það kæmi niður á venjubundinni notkun hans (mynd 1).



Mynd 1. Hringvegurinn um Ísland. Blái hlutinn um Suðausturland er sá vegkafla sem hér kemur við sögu.

Dregnar voru saman upplýsingar um núverandi áningarstaði og útskot á þessum kafla, þeir skoðaðir út frá staðsetningu og flokkun Vegagerðarinnar. Sumarið 2015 voru farnar ferðir til að athuga þá og hvaða tækifæri fælust þar, út frá náttúrufari og umhverfi. Samtímis voru mögulegar staðsetningar nýrra áningarstaða ígrundaðar. Í þessum ferðum tóku þátt skýrsluhöfundar, Snævarr Guðmundsson og Kristín Hermannsdóttir, sem eru náttúrufræðingar hjá Náttúrustofu Suðausturlands og Reynir Gunnarsson rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði. Með í för voru einnig Jón Garðar Bjarnason og Grétar Már Þorkelsson frá lögregluumdæmi Suðurlands. Var enda ljóst að lögreglan vill leggja áherslu á öryggi staðana m. t. t. umferðar.

Haldinn var fundur með þessum aðilum auk Helgu Árnadóttur og Þórhildar Magnúsdóttur frá Vatnajökulsþjóðgarði um vorið í þeim tilgangi að draga saman skoðanir og uppástungur að áningarstöðum á umræddum vegkafla. Haft var samband við Sóleyju Jónsdóttur hjá Vegagerðinni á Akureyri til að samræma verkefnið við hennar tillögu, sem einnig er í vinnuferli hjá Vegagerðinni á sama tíma. Frumdrög að verkefni okkar voru kynnt á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar 29. október 2015. Á ráðstefnunni áttum við samtöl við Ragnhildi Gunnarsdóttur, samgönguverkefning hjá Eflu en hún og samstarfsmenn hafa unnið í tillögum að úrbótum á salernisaðstöðu við hringveginn.

Fleiri skoðunarferðir voru farnar haustið 2015 til að endurmeta álitlega áningarstaði og ganga úr skugga um kosti þeirra. Skýrslan var síðan tekin saman veturinn 2015—2016. Eftir að hafa valið fjölmarga staði voru tillögur sendar til Þorsteins R. Hermannssonar og Harðar Bjarnasonar hjá verkfræðistofunni Mannvit til skoðunar með tilliti til umferðaröryggis á nýjum áningarstöðum. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir endanlegum niðurstöðum. Bent er á tíu álitlega staði sem mætti bæta við á leiðinni frá Skeiðarársandi að Streitishvarfi. Við ræðum þann möguleika að þematengja áningarstaðina og kveikja þannig áhuga hjá ferðalöngum til að stoppa víðar en á einum eða tveim stöðum. Ein leiðin til þess er að gæða vegkaflann sérstakt hlutverki útsýnis- eða ferðamannavegar.

2. Tilviksathugun

Umferð á hringveginum síðustu ár er orðin umtalsvert meiri en fyrir um áratug síðan. Á Suðausturlandi, eins og í öðrum landsfjórðungum, eru sífelld fleiri vegfarendur að nota þjóðvegina. Umferðin hefur ekki einungis aukist á sumrin heldur alla mánuði ársins. Fjölgun ferðamanna er án vafa meðal skýringa og að sífelld fleiri kjósa að fara um á eigin vegum á bílaleigubílum í stað áætluunarferða. Skaftafell og Jökulsárlón hafa mikið aðdráttarafl og umferðarpungi því aukist umtalsvert á leiðinni frá Reykjavík (Gyða Þórhallsdóttir & Rögnvaldur Ólafsson, 2015).

Margt hefur spunnist upp í almennri umræðu um ferðamenn á síðustu árum, meðal annars varðandi aksturslag. Má nefna hraðakstur, vetrarakstur o. fl. (Áberandi..., 2007, 13. ágúst; Erlendir..., 2013, 4. mars; Áberandi..., 2014, 7. ágúst). Að auki er þjóðvegurinn mjór, vegaxlir litlar og margar brýr einbreiðar (30 einbreiðar..., 2016, 2. febrúar). Það sem hefur líka vakið athygli er hve algengt er að vegfarendur stöðvi bifreiðar á þessum vegkafla, til að taka

myndir eða skoða það sem fyrir augu ber. Þetta gerist þrátt fyrir að þrýðilegir áningarstaðir eða útskot finnist víða. Bifreiðar eru þá gjarnan hálfar inni á akreinum vegna þess að vegaxlir eru litlar og ekki ætlaðar til að leggja við (mynd 2). Af því skapast mikil hættu með tilliti til annarrar umferðar, og hún er ekki alltaf ígrunduð af þeim sem eiga í hlut. Möguleg skýring á þessu hátterni er að erlendir ökumenn upplifi hringveginn sem sveitaveg en ekki stofnbraut. Einnig skal bent á að þetta er ekki óþekkt hegðun meðal Íslendinga sjálfra.



Mynd 2. Á hringveginum í Hamarsfirði. Ferðafólk leggur bíl í vegkanti og það þvingar aðra vegarendur til að sveigja yfir á mótlæga akrein. Ljósmynd SG, 2015.

Starfsmenn Vegagerðar, Vatnajökulsþjóðgarðs, lögreglunnar og fjölmargir aðrir vegfarendur, sem skýrsluhöfundar hafa átt tal við, votta um að oftast en ekki stöðva ferðamenn þó á ákveðnum stöðum við þjóðveginn. Á sumum þeirra hefur Vegagerðin komið upp áningarstöðum en við aðra eru engin útskot, enn sem komið er. Síðan verða til augnabliksaðstæður, svo til hvar sem er, sem ferðalangarnir vilja nýta (munnlegar heimildir, Reynir Gunnarsson, 5. maí 2015; Helga Árnadóttir, 5. maí 2015; Þóra Magnúsdóttir, 5. maí 2015). Af vitnisburðinum er hægt að skilgreina þá staði sem vegfarendur stöðva á í þrjár flokka:

- a) Tilbúna áningarstaði eða útskot, með upplýsingaskilti eða aðstöðu til að matast. Á okkar vettvangsvæði voru 37 áningarstaðir og útskot við hringveginn eða mjög nærri, allt frá því að þjóða einhvers konar þjónustu eða fræðslu yfir í látlaus bílastæði við þjóðveginn. Dæmi um þetta eru Skaftafell, Jökulsárlón eða áningarstaðurinn á Skeiðarársandi þar sem burðarstálbiti vitnar um jökulhlaupið 1996 (mynd 3).
- b) Óskilgreinda „fasta staði“, með grípandi útsýni, t. d. til jökla, fjalla og jökullóna. Staðir sem vegfarendur/ferðamenn staldra við, mynda eða skoða. Vegfarendur nýta útskot

eða hliðarvegi, ef til staðar eru, en stöðva annars í vegkanti. Engin þjónusta, fræðslu- eða upplýsingaskilti enda staðirnir ekki tilgreindir sem slíkir eða hannaðir sem áningarstaðir. Sem dæmi má nefna vegkafla vestan við Virkisjökul í Örafum, eyðibýlið Viðborð á Mýrum eða Gildrasker í Hornafirði (mynd 4).

- c) Óskilgreindir „tækifærisstaðir“, augnabliks-tilfelli myndast og hvetja til sjálfkrafa viðbragða án yfirvegunar t. d. hestar, hreindýr, fuglar, eyðibýli, regnbogi, falleg birta (mynd 5). Ekki verður komið tölu á hve margir þeir eru eða tækifæra vegna þess að víða er svípmikið landslag sem mótar góðan bakgrunn til myndatöku á raunar hverju sem er. Við má bæta að á næturlagi að vetrum eru bílar einnig stöðvaðir við veginn þegar áhugasamir eltast við að fylgjast með eða mynda norðurljósín.

Af ofangreindu má sjá að núverandi útskot og áningarstaðir við hringveginn svara ekki eftirspurn eða koma í veg fyrir að stöðvað sé annars staðar við veginn. Vandinn er sá að öðrum vegfarendum getur stafað hættu af þessari hegðun. Úrbætur má gera með fjölgun áningarstaða en eins og dæma má af c) lið er hins vegar ekki víst að það bæti allan vanda.

Tilviksathugunin undirstrikar áherslur sem horft var til í verkefninu *Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi með áherslu á náttúrufar og myndrænt svípmót*. Í því ljósi höfðu sprottið upp hugmyndir um hvar væri heppilegt að bæta við áningarstöðum og hvetja til að áherslutengja (þema) þá efni sem telja megi höfða til ferðamanna. Fyrirmyndin byggir í raun á þörfinni fyrir fleiri útskotum, þeirri hættu sem skapast á vegunum þar sem fólk stöðvar bifreiðar og gera formlegan ferðamannaveg hér á landi að erlendri fyrirmynd.



Mynd 3. Áningarstaður á Skeiðarársandi, með góðu rými fyrir fjölda bíla eða rútur. Áningarstaðurinn var gerður árið 2001 til vitnis um ofurmátt jökulhlaupsins undan Skeiðarárjökli, í kjölfar Gjálpargossins 1996. Fjölmargir vegfarendur, ekki síst ferðamenn hafa viðkomu þarna. Grænt gras upp við minnismerkið er vísbending um að salernisaðstaða er ekki til staðar. Ljósmynd SG, 2014.



Mynd 4. Útsýni til Svínafellsfjalls og Virkisjökuls í Örfæfasveit, frá hringveginum við Falljökulskvísl. Ekki er áningarstaður né útskot þaðan sem myndin er tekin. Ljósmynd SG, 2015.



Mynd 5. Hreindýr eru algeng sjón á Suðausturlandi. Þau halda sig að vetrum á láglendi og eru oft í sjónfæri nærri hringveginum. Það er mjög algengt að sjá bíla stoppa og fólk reyna að mynda þau. Ljósmynd SG, 2014.

Höfundum er ljóst að Vegagerðin hefur góða vitund um áningarstaði, eins og gæðahandbók þjónustudeildar er gott vitni um (Vegagerðin, 2015). Tilgangurinn er ekki síður að auka öryggi annarra vegfarenda á hringveginum og að draga úr tilfellum þegar ferðamenn stöðva ökutæki á vegreinum sökum þess að ekki er hægt að aka út á þröngar vegaxlir. Tillögurnar eru byggðar á þverfaglegu álitni verkefnahópsins.

Í þessu verkefni var ekki gerð greining á þörfum eða hugmyndum fólks til áningarstaða en gengið út frá að þær séu almennt hinar sömu og þekkt annars staðar í Evrópu. Í skýrslunni er jafnframt bent á þann möguleika að nýta áningarstaði við hringveginn til að m. a. draga úr fyrrgreindri hættu, með því að reyna að leiða ferðamenn á milli þeirra, í þeirri von um að fækka þeim tilvikum að vegfarendur stöðvi hvar sem er. Mögulega er það hægt með sérstakri kynningu á áningastöðunum og upplýsingagjöf og að gera vegkaflann að sérstakri vegleið.

3. Vettvangssvæði

Vettvangssvæðið er vegkaflinn sem heyrir undir umdæmi Vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði. Það nær frá sýslumörkum Austur-Skaftafellssýslu á Skeiðarársandi austur að Streitishvarfi, sunnan Breiðdalsvíkur og Öxi ofan Berufjarðar (mynd 6). Þessi hluti á hringveginum er rúmlega 300 km og við hann eru margir áhugaverðir staðir hvað varðar land og þjóð. Vegurinn liggur fram með tveim þéttbýliskjörnum, Höfn í Hornafirði og Djúpavogi. Á um 130 km kafla, frá Skeiðarársandi austur að Almannaskarði leikur útsýni til jökla stórt hlutverk. Tveir mjög fjölsóttir ferðamannastaðir við þennan vegkafla eru Skaftafell og Jökulsárlón en þar er opið allt árið (Gyða Þórhallsdóttir & Rögnvaldur Ólafsson, 2015). Fjöldmargir aðrir áfangastaðir búa einnig yfir aðlöðun í augum ferðamanna, ýmist eru þeir aðgengilegir við hringveginn eða skammt frá honum. Suma þeirra hafa heimafólk og landeigendur lagað, til að opna ferðamönnum tækifæri til að komast að áhugaverðum stöðum. Síðan eru áningarstaðir og útskot sem Vegagerðin hefur útbúið við hringveginn (Vegagerðin, 2015).








Mynd 6. Áningarstaðir og útskot á Suðausturlandi, í lok árs 2015. Flest þeirra hafa verið útbúin af Vegagerðinni.

4. Áningarstaðir á Suðausturlandi

Í lok árs 2015 voru 37 áningarstaðir og útskot við hringveginn á milli Skeiðarársands og Streitishvarfs (mynd 6). Í viðauka A er tafla yfir núverandi áningarstaði (2015). Merkingar fyrir áningarstaðina við hringveginn eru einkum skilti af tegund E02.63 í *handbók um umferðarmerki* (Vegagerðin, 2010), og sýnir borð og barrtré. Stundum eru þó önnur merki notuð (Vegagerðin, 2013). Hver staður er sem sjálfstæð eining. Algengast er að vakin sé athygli á áningarstöðum með merki um 0,5 km frá afrein. Upplýsingar sem þar koma fram er að hluta að finna á vefsvæði Vegagerðarinnar (Vegagerðin, 2013). Flestir áningarstaðirnir eru í umsjá Vegagerðarinnar en þrettán á vegum annarra aðila. Einn mun bætast við á þessu ári (2016), á vegum Minjastofnunar.

Áningarstaðirnir sem eru sýndir á mynd 6 eru merktir með fimm táknum og flokkaðir sem:

- i.  **Áningarstaður.** Stærð bílastæðis er misjöfn og hvort leggja megi rútum en þar eru borð og bekkir. Stundum eru þessi borð staðsett í dálítilli fjarlægð frá bílastæði. Flestöll eru á nokkru berangri, þ. e. ekki eru veggir sem skýla fyrir vindi. Á vettvangssvæðinu eru bekkir og borð á 25 áningastöðum. Á ellefu þeirra eru jafnframt upplýsingatöflur og söguskilti á átján þeirra.
- ii.  **Upplýsingastaður.** Það er misjafnt hve margir bílar eða rútur komast að. Á nokkrum stöðum hefur upplýsingaskilti verið komið fyrir en ekki nein borð og bekkir til áningar.
- iii.  **Útskot.** Á nokkrum öðrum stöðum eru útskot við hringveginn þar sem ekki er að finna neitt af því sem var talið upp að ofan. Á þeim komast nokkrir bílar fyrir.
- iv. **Aðrir staðir.** Til þessa staða teljast *Opinn skógur* (táknað  á mynd 6) og *vigtunarstaður* Vegagerðarinnar (táknað með ).

Áningarstaðirnir eru ætlaðir til hvíldar, vegupplýsinga og fræðslu en á þeim er ekki boðin þjónusta eins og verslun eða eldsneytiskaup. Þar eiga vegfarendur að geta staldrað við á öruggum stað, rétt úr sér, notið umhverfisins eða áð. Á vefsvæði Vegagerðarinnar segir:

„Áningarstaðir eru settir við þjóðvegi landsins í tvennum tilgangi. Annars vegar eru þeir staðir þar sem vegfarendur geta áð um stund, áður en förinni en haldið lengra, þar eru umferðaröryggissjónarmið höfð að leiðarljósi. Hins vegar er þeim fundinn staður þar sem umhverfi og/eða útsýni bjóða upp á fallett umhverfi til að vegfarendur geti notið þess sem fyrir augu ber.“ (Vegagerðin, 2013).

Að meðaltali er um 8,5 km bil á milli áningarstaða á umræddum vegkafla. Það segir þó lítið og eru langir kaflar án áningarstaða en annars staðar styttra á milli. Þjónusta og formgerð áningarstaðanna er ólík, þegar þessi skýrsla er tekin saman (2016). Borð og bekkir sumstaðar, salerni fá og mismunandi hvort fræðslu- eða upplýsingaskilti séu til staðar. Skiltin sem eru til

staðar einblína ýmist á nágrenni áningarstaðar eða landsfjórðunginn. Sumstaðar eru engar upplýsingar. Aðkoma að áningastöðunum er sömuleiðis misjöfn.

5. Álitlegir áningarstaðir

Í vali á mögulegum áningarstöðum var horft sérstaklega á þá kafla þar sem langt er á milli núverandi staða. Þó var það viðhorf ekki eingöngu látið ráða. Víða eru áhugaverðir staðir fyrir útskot, með tilliti til umhverfis og sögu, en umferðaröryggi við suma þeirra leyfir ekki slíkt. Aðrir gætu kallað á talsverðar framkvæmdir, eins og undirlagsflutninga og enn aðrir voru mjög nærri núverandi áningarstöðum. Þeir staðir sem voru ekki valdir eru í viðauka B. Athugasemdir á umræddum stöðum, út frá umferðaröryggi eru í viðauka C. Þegar allir mögulegir staðir höfðu verið skoðaðir voru þeir staðir valdir sem verða taldir upp hér á eftir.

Í tillögum okkar er hugmyndin sú að áningarstaður við Háöldukvísl á Skeiðarársandi og við Streiti marki eins konar upphafs- og endastöð á áherslutengdum ferðamannavegi. Hvort sem sú hugmynd yrði að veruleika í framtíðinni eða ekki þá standa þessir áningarstaðir engu að síður. Á ferðamannavegi ættu merkingar og skilti að vera notaðar til þess að leiða vegfarendur á milli áningarstaða. Nánar er fjallað um þær í kafla 9.

Hér á eftir eru merkingar á vegalengdum sem dæmi um upplýsingar sem ættu að verða staðlaðar á skiltum meðfram hringveginum. Þar ættu að koma fram upplýsingar um hvað er áhugavert á viðkomandi stað og síðan hver vegalengd er til a) næstu áhugaverðra staða, b) næstu þjónustu og c) næstu eldsneytisstöðvar. Upplýsingarnar um vegalengdir hér á eftir eru fengnar úr samgöngugögnum Landmælinga Íslands og skráðar í is50v landupplýsingagögnum. Slík skilti yrðu væntanlega í umsjá og á ábyrgð Vegagerðarinnar. Í ljósi þess eru þær sem hér eru lagðar fram einungis sem dæmi.

Staður 1 Háöldukvísl – Stórirfarvegur – Skeiðarársandur

Hnit: 17°10'55,278"W 63°57'39,269"N 589075 385441 (ISNET 93)

Staðsetning: Stórirfarvegur, stæði við hringveginn (mynd 7). Farvegur jökulhlaups í kjölfar Gjálpargossins 1996. Stæðið er 11,5 km austan við sýslumörk Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu, 8,4 km vestan við Skeiðarárbrú. Þessi staður var valin vegna þess að þarna er minna sandfok en við sýslusteininn á Skeiðarársandi, sem annars hefði verið heppilegur inngangsstaður fyrir áherslutengdan vegkafla.


Vægi: Atburðarrás Gjálpargossins 1996 og Skeiðarárhlaups í kjölfarið. Myndrænn fjallahringur. Myndrænt útsýni til Öræfajökuls, Skaftafellsfjalla og Skeiðarárjökuls. Ábendingar á birkitré sem hafa á síðustu áratugi skotið rótum á sandinum og eiga mögulega eftir að mynda skóg með tíð og tíma. Breytingar á Skeiðarárjökli á síðustu öldum. **Menning:** Sögulega áhugavert samspil manna, samgöngubreytinga og jökulhlaupa á síðustu öldum. Vatnahestar í Öræfum og leiðsögn yfir jökulárnar.

Umferðaröryggi: Engar sjónhindranir, beinn vegur >300 m í báðar áttir.


Upplýsingaskilti: Viðfangsefni sbr. vægi að ofan. Tillaga að gera að einhvers konar inngangi að vegkaflanum þar sem sagt er frá að nú séu gestir að fara austur um héruð með myndrænu og sögulegu umhverfi. Vakin sé athygli á fjölmörgum áningastöðum á leiðinni næstu 300 km sem eru áhugaverðir áfangar fyrir ferðamenn af ýmsum ástæðum, um náttúru, menningu og/eða eru myndrænir. Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneytis. Mynd 8 sýnir staðinn.

Vegalengdir:

   Skeiðarárbrú (brúarbiti) 11,5 km Skaftafell 16 km

   Skaftafell 16 km Freysnes 17,2 km

Kirkjubæjarklaustur 53 km  Freysnes 17,2 km Fagurhólmsmýri 36,7 km



Mynd 7. Tillögur nr. 1, Stórirfarvegur á Skeiðarársandi og 2 Falljökulskvísl undir Örfafjökli. Núverandi áningarstaðir á þessari leið eru einnig merktir.



Mynd 8. Núverandi áningarstaður við Háöldukvísl. Ljós. KH, 2016.

Staður 2 Falljökulskvísl, Öræfasveit

Hnit: 16°49'37,459"W 63°56'58,58"N 606504 384731 (ISNET 93)

Staðsetning: Um 1,3 km austan við einbreiða brú yfir Virkisá og 0,3 km austan við einbreiða brú yfir Falljökulskvísl (mynd 7). Aurar Falljökulskvíslar. Uppbyggður beinn vegur og Falljökulskvísl nærri. Vegurinn er lítillaga uppbyggður á þessum stað, sem myndi kalla á fyllingu. Þar er nú örlítið útskot norðan við þjóðveginn.

Vægi: Myndrænt útsýni til Hvannadalshnúks, Virkisjökuls, Svínafellsfjalla og Grænafjallsgljúfurs (sjá mynd 4). Kjarri vaxnar jökulöldur og fornir árfarvegir við Virkisjökul.

Menning: Öræfajökulgos 1362, 1727 og mannleg viðbrögð. Fjárleitir í landi, inniluktu í jöklum. Göngur á Hvannadalshnúk.

Umferðaröryggi: Brú á þjóðvegi um 0,3 km vestar og beygja 0,5 km í sömu stefnu á milli hóla sunnan við sem er sjónhindrun. Óhindruð sýn til austurs >1,2 km.

Upplýsingaskilti: Myndrænt umhverfi, sögulegir atburðir. Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneytis.

Vegalengdir:

Hafrafell 9 km	  	Sandfell 2,2 km	Háalda 5,6 km
Freysnes 6,3 km	  	Jökulsárlón 47 km	Smyrlabjörg 80,5 km
Freysnes 6,3 km		Fagurhólsmýri 15,5 km	Nes 117 km

Staður 3 Kvíáraurar, Örfæfasveit

Hnit: 16°25'34,868"W 63°57'2,287"N 626130 385583 (ISNET 93)

Staðsetning: Tæpa 2 km norðan við Kvíárbrú á eystri-Kvíáraurum (mynd 9 og 10). Þarna er vegslóði til austurs niður á aurana sem landeigendur eru ekki hlyntir að verði notaður. Þjóðvegurinn er lítillega uppbyggður á þessum stað, sem myndi kalla á fyllingu. Vægið byggir jafnframt á því að stutt er í vatn og rafmagn til þess að setja upp vatnsalernisaðstöðu.

Vægi: Fagurt útsýni til Kambsmýrarkamb og farvegs Eystri-Kvíár, sem nú er að mestu þurr. Vatnafjöll og Örfæfajökull. **Mening:** Stefni á skipsflaki *Clyne Castle* er sjáanlegt í fjörunni. Óskað hefur verið eftir að sett verði upp minnismerki um flakið og sögu þess á téðum áningarstað. Hægt að nota vegslóðann sem gönguleið í fjöruna. Möguleiki á að leggja gönguleið vestur með Dýlæk og farvegi Eystri-Kvíár til vesturs og norður fyrir Kambsmýrarkamb og ofan á honum. Það verður þó að gerast að nánari athugunum gerðri vegna þess að þarna er fuglaríki og um að ræða varpsvæði skúmsins.

Umferðaröryggi: Óhindrað útsýni til suðurs (>300 m) en 200 m austar er brú yfir Dýlæk. Útbúa þyrfti hlið eða hindrun fyrir vegslóða niður að fjöru.


Upplýsingaskilti/minnisvarði: Á vegum aðstandenda Bóasson félagsins (*Clyne Castle*). Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneysis.

Vegalengdir:

Kvíárkambur 2 km	  	Fjallsárlón 10 km	Jökulsárlón 19 km
Freysnes 36 km	  	Jökulsárlón 19 km	Smyrlabjörg 52,5 km
Fagurhólmsmýri 12,5 km		Nes 88,5 km	Höfn 96 km



Mynd 9. Útsýni til austurs frá Kvíáraurum. Ljós. KH, 2016.



Mynd 10. Tillögur nr. 2, Falljökulskvisl og 3 Kviáraurar, austan Kviárjökuls.

Staður 4 Fífutjörn, Suðursveit

Hnit: 15°49'49,321"W 64°10'48,715"N 654034 412470 (ISNET 93)








Staðsetning: Um 0,9 km austan við brú yfir Staðará (mynd 11). Þar er gamli vegurinn ofan á klöpp.


Vægi: Myndrænt umhverfi við Fífutjörn. Fallegur útsýnishringur, til austurs frá Fallastakkanöf í Borgarhafnarfjalli, Hálsatind og fjöll ofan Kálfafellsstaðar. Sögulegt hámark Sultartungnajökuls í lok 19. aldar væri hægt að kynna á korti. **Menning:** Nykur í Fífutjörn. Útræði frá Hálsaósi Borgarhöfn á miðöldum og sjóslys árið 1573 þegar tugir manna drukkuðu. Lagðist útræði af fljótlega eftir það. Mynd 12 sýnir Fífutjörn og fjöll ofan Kálfafellsstaðar.

Umferðaröryggi: Gamli vegurinn liggur að slitlaginu á núverandi vegi um 0,8 km frá brúnni. Þar er beygja og eru um 150 m í sjónhindrun til vesturs en >300 m til austurs. Betra er ef gerð væri afrein aðeins austar, þá eykst sjónlínan frá vestri í >300 m.

Upplýsingaskilti: Viðfangsefni sbr. vægi að ofan. Myndrænt umhverfi, sögulegir atburðir. Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneysis.

Vegalengdir:

Hali 13 km	  	Hestgerði 3 km	Jöklasel 11 (31) km
Jökulsárlón 26 km	  	Smyrlabjörg 10 km	Höfn 52 km
Fagurhólmýri 57,5 km		Nes 44 km	Höfn 52 km



Mynd 11. Tillaga nr. 4, Fífutjörn í Suðursveit.



Mynd 12. Fífutjörn í Suðursveit. Ljósm. SG, 2014.

Staður 5 Viðborðssel, Mýrar

Hnit: 15°24'50,682"W 64°19'18,546"N 673348 429313 (ISNET 93)

Staðsetning: Við hringveginn, um 0,1 km norðan við Viðborðsselskil á Mýrum (mynd 13 og 14). Vegur lítið uppbyggður.

Vægi: Á þessum stað, um 150 m austan við hringveginn, eru leifar eyðibýlisins Viðborðssels. Afar margir stöðva þarna og ljósmynda svipsterkt eyðibýlið enda myndrænt með svipmikið landslag í bakgrunni. Fallegur útsýnishringur til Mýraajökla og Viðborðsfjalls. Geitafellseldstöð og jarðfræði. **Menning:** Byggðasaga á Mýrum, Fláajökull og vatnaágangur samhliða jöklavexti á síðustu öldum (litla ísöld).

Umferðaröryggi: Engin sjónhindrun á veg >300 m til beggja átta.


Upplýsingaskilti: Myndrænt umhverfi, sögulegir atburðir. Byggðasaga á Mýrum. Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneytis.

Vegalengdir:

Hólmsá 8 km	  	Hafnarvegur 20 km	Höfn 24 km
Smyrlabjörg 20 km	  	Höfn 25 km	Djúpivogur 119 km
Fagurhólsmýri 87 km		Nes 17,5 km	Höfn 25 km



Mynd 13. Viðborðssel á Mýrum. Ljós. SG, 2014.



Mynd 14. Tillaga nr. 5, Viðborðssel á Mýrum og nr. 6 Þveit í Hornafirði.

Staður 6 Þveit í Hornafirði

Hnit: 15°14'48,125"W 64°20'37,947"N 681284 432237 (ISNET 93)

Staðsetning: Við hringveginn um Hornafjörð, vestan undir Ketillaugafjall, nærri Ölkeldu, um 1,4–1,6 km sunnan við Lindarbakka (Hótel Vatnajökull), skammt frá vatninu Þveit (mynd 14 og 15). Vegur lítillega uppbyggður.

Vægi: Vatnið er myndrænt og friðsæll staður, Ketillaugarfjall er ævaforin rofinn askja (eldstöð) og þar er að finna jarðfræðilega merkilegar menjar, svonefnda hringganga. **Menning:** Örnefni benda til ævagamallar búsetu.

Umferðaröryggi: Engin sjónhindrun á veg >300 m til beggja átta.

Upplýsingaskilti: Myndrænt umhverfi, merkileg jarðsaga við Hornafjörð. Búseta í Hornafirði. Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneysis.

Vegalengdir:

Viðborðssel 13,2 km    Hafnarvegur 7 km Höfn 11 km

Smyrlabjörg 33 km



Höfn 11 km Djúpvogur 106 km

Fagurhólmsmýri 100 km



Nes 3,5 km Höfn 11 km



Mynd 15. Vatnið Þveit í Hornafirði. Ljósm SG, 2016

Staður 7 Laxárdalur og Jökulsá í Lóni

Hnit: 14°54'36,651"W 64°24'21,452"N 697069 440152 (ISNET 93)

Staðsetning: Við hringveginn um 0,5 km austan við brúna yfir Laxá í Lóni og 2 km vestan við brúna yfir Jökulsá í Lóni (mynd 16).

Vægi: Laxárdalur og Jökulsá í Lóni. Skyndidalur og Lambatungnajökull. Héðan sést til tindsins á Snæfelli, norðaustan Vatnajökuls og er það eini staðurinn frá Suðausturlandi sem það sést (myndir 17–18). Myndrænn útsýnishringur nærri. Lónsöræfi, rofnar eldstöðvar og forn djúpbergssinnkot. **Menning:** Landnám í Lóni. Búskapur við Eskifell og í Víðidal á 19. öld. Rómaðar gönguleiðir í Lónsöræfum. Fjárleitir í Innfjöllum.

Umferðaröryggi: Engin sjónhindrun á veg >300 m til beggja átta.

Upplýsingaskilti: Viðfangsefni sbr. vægi að ofan. Myndrænt umhverfi, sögulegir atburðir. Byggðasaga í Lóni. Jarðsaga Lónsöræfa. Snæfell sést á góðviðrisdögum. Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneysis.

Vegalengdir:

Þorgeirsstaðaklif 10 km



Reyðará 8,7 km

Hálsaklettur 20,5 km

Höfn 27 km



Djúpvogur 74 km


Breiðdalsvík 135 km

Höfn 27 km



Djúpvogur 74 km

Breiðdalsvík 135 km



Mynd 16. Tillögur nr. 7, Laxárdalur í Lóni og nr. 8 Fjörusporður undir Hvalnesfjalli.



Mynd 17. Mynd tekin með dróna úr um 500 m hæð y. s. staðfestir að toppur Snæfells sést frá Lóni. Sést Snæfell vinstra megin við Hnappadalstind, þar sem lægðin er mest. Ljósm. Einar Björn Einarsson, 2016.



Mynd 18. Útsýni frá hringveginum til Loxárdals. Strandarháls og Klifatangi nær og fjær Sauðhamarstindur (t. v.), Kjarrdalsheiði og Hnappadalstindur (t. h.). Fyrir miðri mynd sést í snjóugan tind Snæfells á Fljótsdalshéraði en þetta er eini staðurinn sem hægt er að sjá hann frá Suðausturlandi. Ljósm. SG, 2015.

Staður 8 Fjörusporður við Hvalnes í Lóni

Hnit: 14°33'0,108"W 64°24'23,766"N 714391 441396 (ISNET 93)








Staðsetning: Við hringveginn, undir Eystrahorni (Hvalnesfjalli). Afleggjari til suðvesturs, um 100 m, á milli Lóns og Krókstjarnar (mynd 16 og 19).

Vægi: Vinsæll staður fyrir ferðamenn sem vilja ganga fjörusandinn og skoða brimið. Myndrænt sjónarhorn á Hvalnesfjall og svartan fjörusand.

Umferðaröryggi: Óhindrað útsýni >300 m til vesturs, um >300 m til austurs úr beygju.

Upplýsingaskilti: Myndrænt umhverfi, sögulegir atburðir. Byggðasaga í Lóni.

Vegalengdir:

Hálsaklettur 2 km	  	Stapavík 9,4 km	Þvottá 13,5 km
Höfn 49 km	  	Djúpivogur 54 km	Breiðdalsvík 118 km
Höfn 49 km		Djúpivogur 54 km	Breiðdalsvík 118 km



Mynd 19. Aðkoma að Fjörusporði, undir Eystrahorni. Ljósm. SG, 2015.

Staður 9 Þangbrandsbryggja, Álftafjörður

Hnit: 14°34'50,072"W 64°32'17,173"N 711897 455917 (ISNET 93)

Staðsetning: Klettur, norðan við veginn í Starmýrarvogi. Um 400 m eru út á ystu nösina.


Vægi: Jökulsorfnir dalir og hvassir tindar. Tertíer berglagastaflinn á Íslandi og jarðlagahalli austurlands. Fuglalíf í Álftafirði. Myndrænt útsýni yfir Álftafjörð og til Melrakkaness. Landris á Austurlandi. **Menning:** Klettatangi kenndur við Þangbrand sem kom sem kristniboði til landsins skömmu fyrir 1000, á vegum Ólafs Tryggvasonar Noregskonungs. Sjá mynd 20 og 21.

Umferðaröryggi: Engin sjónhindrun á veg >300 m til beggja átta.

Upplýsingaskilti: Viðfangsefni sbr. vægi að ofan. Myndrænt umhverfi, sögulegir atburðir. Landnámsöld á Austfjörðum. Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneysis.

Vegalengdir:

Þvottá 5,6 km	  	Melrakkanes 3 km	Askur 19,3 km
Höfn 68 km	  	Djúpivogur 21 km	Breiðdalsvík 85 km
Höfn 68 km		Djúpivogur 21 km	Breiðdalsvík 85 km



Mynd 20. Tillaga nr. 9, pangbrandsbryggja í Álftafirði.



Mynd 21. Nærri pangbrandsbryggju í Álftafirði. Ljós. SG, 2010.

Staður 10 Streiti, milli Berufjarðar og Breiðdalsvíkur

Hnit: 14°0'54,787"W 64°43'24,539"N 737324 478535 (ISNET 93)

Staðsetning: Streiti er um 3,5 km austan við bæinn Núp og rúmlega 13 km frá Breiðdalsvík (mynd 22 og 23). Bilastæði er við hringveginn sem hægt væri að stækka.


Vægi: Fugla- og fjörulíf að sumri. Viti er í grennd. Þarna er nú minnisvarði um fjölskyldu sem varð illa úti í bruna veturinn 1883. Tillaga að gera að einhvers konar inngangi á vegkaflann.

Umferðaröryggi: Engin sjónhindrun á veg >300 m til beggja átta.

Upplýsingaskilti: Viðfangsefni sbr. vægi að ofan. Myndrænt umhverfi, sögulegir atburðir. Tillaga að gera að einhvers konar inngangi á vegkaflann þar sem sagt er frá að nú séu gestir að fara suður um héruð með myndrænu og sögulegu umhverfi. Vakin er athygli á áningarstöðum á leiðinni næstu 300 km að Skeiðarársandi sem fyrir ýmsar sakir séu áhugaverðir áfangar fyrir ferðamenn. Á upplýsingaskilti koma fram vegalengdir til næstu a) athyglisverðra staða, b) matar- og salernis c) eldneysis.

Vegalengdir:

Blábjörg 16 km	Selá, Öxi 32 km	  	
Djúpivogur 53 km	  	Breiðdalsvík 13 km	Stöðvarfjörður 32 km
Djúpivogur 53 km		Breiðdalsvík 13 km	Stöðvarfjörður 32 km



Mynd 22. Tillaga nr. 10, Stretti, austan Berufjarðar.



Mynd 23. Streiti. Þar er nú visir af bílastæði og stuttur stígur að minnismerki um bruna Streitis, 7. desember 1883. Myndin er tekin frá minnismerki í átt að Þjóðveginum. Ljós. SG, 2015.

6. Ferðamannavegir

Ferðamannavegur er ökuleið sem tengir saman fjölda áfangastaða þar sem menning, landslag eða sérstæð náttúra vekur sérstaka athygli og er aðdráttarafli í augum ferðamanna. Í Bandaríkjunum er stundum skírskotað til sérvega en sem eru af ýmsum gerðum. Þar eru þeir markaðssettir sem sögulegir vegir, ferðamanna- eða frítímavegir. Í Evrópu er oftast um að ræða útsýnis- eða áhersluvegi (enska: scenic routes, thematic routes) og eru þeir stundum auðkenndir sérheitum til þess að höfða til ákveðinna markhópa.

Ferðamannavegir leiða vegfaranda ekki nauðsynlega stystu leið á milli upphafs- og endastaðar enda áherslurnar aðrar. Ekki er heldur um að ræða vegi sem eru ætlaðir fyrir hraða umferð. Upplýsingar um slíka vegi eru auðfínanlegar á netinu en mest af því mætti skilgreina sem kynningarefni og auglýsingar frekar en beinlínis heimildir um þessa vegi. Ferðamanna- og leiðsögubækur eru einnig hægt að kaupa gegnum netið.

Upphaflega má rekja hugmyndir um að gera ökuleið að ferðamannavegi til þess tíma þegar Þjóðverjar hófu endurreisn ferðamannaíðnaðarinnar á eftirstriðsárunum. *Rómantíski vegurinn* var einn hinn fyrsti sem kynntur var, kringum 1950. Um er að ræða gamla kaupaleið milli byggða að rötum alpanna. Leiðin er um 350 km löng og tengir fjölmarga miðaldabæi með myndrænum byggingum og köstulur saman við fagurt landslag (LosApos.com, 2015a). Fjöldi ferðamannavega er nú að finna í Þýskalandi.

Í Austurríki er *The Grossglockner High Alpine Road* frægur vegur sem er 48 km langur og liggur inn í Hohe Tauern þjóðgarðinn í Ölpunum. Þessi vegur var opinberlega tekinn í gagnið árið 1935 en var endurmótaður á seinni hluta 20. aldar í ljósi þess að landsvæðið sem hann liggur um var gert að þjóðgarði. Greiða þarf fyrir að aka veginn en ýmis hlunnindi eru innifalín (GHAR, 2016). Náttúrugarðurinn *Sierra de las Nieves* er í fjallendinu norðan við Marbella á Spáni. Um er að ræða óbyggt svæði sem ekki hefur lagst undir landbúnað og er fyrir vikið óvenju auðugt af upprunalegu lífríki (Andalucia.com, 2015). Um svæðið liggur vegur þar sem náttúrufar og jarðfræði er kynnt (mynd 24a-b).



Mynd 24a-b. Frá Sierra de las Nieves á Spáni. a) Útsýni frá vegi og b) vegvísun á myndrænt sjónarhorn og jarðfræðilega áhugaverðan stað. Ljós. SG, 2008.

Í Frakklandi eru frægar ferðamannaleiðir, t. d. meðfram *Verdon*-gljúfri. Vegurinn er útivistarvegur og helst hraði niðri vegna sífelldra beygja og takmarkaðrar yfirsýnar sökum kletta og gróðurs. *Great Alpine Road* er 684 km löng leið í gegnum frönsku alpna. Þessa miklu vegleið var byrjað að ryðja árið 1909 og framkvæmdum lokið 1937. Með tilkomu hraðbrauta um Frakkland tapaði vegurinn gildi sínu sem mikilvæg umferðaræð en varð þess í stað að sérstæðri ökuleið sem fjöldi ferðamanna fer nú um (LosApos.com, 2015b).

Að lokum má nefna norsku ferðamannavegina, sem eru 18 talsins, og voru settir upp með styrk norska Stórpingsins og ríkisins. Vegirnir voru hannaðir af norsku vegagerðinni (The Norwegian Public Roads Administration [NPRA]). Þeir eru í senn aðdráttarafli fyrir ferðamenn því vegirnir liggja yfir svæði, víða með einstæðri náttúruvegurð Noregs og sérstæðum arkitektúr bygginga á stöðum með svipmikið útsýni. Markmiðið er að draga ferðafólk til Noregs (Berre & Lysholm, 2008; Nasjonale turistveger, 2016; Statens vegvesen, 2016).

7. Hringvegurinn á Suðausturlandi

Hringvegurinn á Suðausturlandi liggur um fjölbreytilegt landslag og víða með stórbrotnu útsýni til fjalla og jökla. Sérstaða mótast einkum af: 1) myndrænu landslagi í ýmsum birtuskilyrðum, séð frá hringveginum eða nálægum áfangastöðum, 2) auðkennum íslensk náttúruvafars, hraunbreiðum, svörtum söndum, vatnsföllum, eldfjöllum og jöklum, 3) jarðsögulega áhugaverðum vettvangi vegna þess að leiðin liggur frá eldvirkum hluta landsins til einhverra elstu og rofnustu svæða þess, 4) lífríkinu, t. a. m. fugla og hreindýra, 5) framvindu menningar og búskapar undir áhrifum náttúruafila. Má nefna söguleg Grímsvatnagos og jökulhlaup undan Skeiðarárjökli, jafnvel Lakagíga 1783–1784 og síðan Öræfajökul 1362 og 1727, 6) áhrifum af völdum jöklabreytinga síðustu alda á landið, búskap og samgöngur í héruðunum.

Vegurinn býr því yfir miklu mætti til að vera útsýnis- eða ferðamannavegur. Sú staðreynd er ekki ný af nálinni vegna þess að hringvegurinn hefur gegnt því hlutverki óformlega, allt frá því að hann varð að veruleika sumarið 1974, eftir brúun Skeiðarár. Fjölgun erlendrar ferðamanna

til landsins og aukning vegfarenda um hann undirstrikar jafnframt þetta hlutverk. Í ferða-, kynningar- og leiðsögurítum eða á netinu er hringvegurinn gjarnan sý meginæð sem leiðir vegfarendur til áfangastaða um Ísland og þykir vera eitt helsta aðdráttaraflíð (Schultz, 2003; LosApos.com, 2015c).

Með áherslutengingu á áningastöðum yrði hringvegurinn um Suðausturland frumraun þar sem yfirskriftin væri fræðslu- og ljósmyndavegur samtímis og vera sý samgönguæð sem hann er, án þess að það þurfi að koma niður á umferðaröryggi eða kosta þurfi miklum fjármunum til. Það sem verkefnishópurinn leggur til er að láta slíkri áherslu svolítið eftir á hringveginum, frá sýslumörkum á Skeiðarársandi austur að Streitishvarfi og Öxi, til þess að undirstrika fjölbreytileg auðkenni íslenskrar náttúru og menningar við hringveginn. Jafnframt að fækka tilfellum þar sem bílum er lagt inn á vegreinum og skapa slyshættu. Það er möguleiki að hægt sé að hvetja ferðamenn til þess að stoppa á næsta vegútskoti frekar en á vegrein, með upplýsingum á áningastöðum sem vísi á næstu áhugaverðu staði.

8. Hvað þyrfti til að gera ferðamannaveg?

Það mætti afmarka ferðamannaveg með sérstökum upplýsingaskiltum á báðum endum þar sem vegkaflinn er kynntur sem slíkur og að áhugaverðum áningarstöðum hafi verið komið upp við veginn, með áherslu á náttúrufar, menningu og myndrænt svipmót. Vekja mætti athygli á áningarstöðunum með þannig hætti að vegfarendur, ekki síst ferðamenn sannfærðust um að staðirnir væru verðugir þess að staldra á og gerðu sér því erindi þangað og á milli þeirra. Síðan mætti beina vegfarendum á næsta áningarstað og svo koll af kolli, með sérstakri vegvísun sem benti á þann næsta. Hafa skyldi staðlaðar upplýsingar um vegalengdir þangað til þess að úr yrði heildarmynd. Upplýsingaskilti þurfa ekki að vera frábrugðin þeim sem nú eru notuð en fjölga mætti þeim og bæta á þörfum atriðum sem vegfarendur þarfnast. Þau þurfa að vera einföld (minimalísk) og stöðluð svo fljótlegt væri að lesa á þau.

Betrumbæta þarf merkingar á áningarstöðum og miðla upplýsingunum eins og algengt er í Vestur-Evrópu. Þar er athygli vakin á stöðum eða þjónustu miklu fyrr en almennt tíðkast hér á landi. Á upplýsingaskiltum ætti, auk þeirra sem snúa að viðkomandi stað, einnig að bæta upplýsingum sem tengjast frumpörfum vegfarandans. Viðvíkjandi Suðausturland er gengið út frá því að áningarstaðirnir yrðu áhugaverðir áfangar vegna þess að þar er vakin athygli á náttúru, sögu eða myndrænu umhverfi sem annars getur farið framhjá vegfaranda.

9. Tillaga um merkingar á ferðamannavegi

Tillögur að skiltum sem birtast hér hafa að fyrirmynd alþjóðlega upplýsingamiðlun sem tíðkast m. a. í Evrópu og USA. Við hraðbrautir, þjóðvegi og jafnvel sérstökum vegum eins og ferðamannavegum eru upplýsingar um þá þjónustu sem segja má mikilvægasta í huga vegfarenda og vegalengdir á þá staði sem hún býðst. Þessi atriði eru ekki síst mikilvæg fyrir þá sem hafa takmarkaðan tíma og þekkja ekki staðhætti:

- i. Tímaáætlun og vegalengd. Fyrir ferðamenn, ekki síst þá sem eru ókunnugir, getur verið nauðsyn að tímaáætlanir frá A til B standist. Upplýsingar um vegalengdir eru raunar aðgengilegar hér á landi og skýrar á skiltum við vegi en þau eru mjög fá, samanborið við það sem almennt má venjast í Evrópu. Aðlaga þyrfti upplýsingagjöf á upplýsingaskiltum að þeim sem eru algerlega ókunnugir og tala erlenda tungu en ekki hagvönu heimafólki.
- ii. Öryggi vegleiðar. Við viljum ganga út frá því að allir séu öruggir í umferðinni – að vegir séu góðir, skýrar vegmerkingar og góð vetrarþjónusta.
- iii. Þjónusta við veginn. Grunnatriðin eru einföld og skýr: Eldsneyti á bílinn, áning – kaffi/matur, salerni. Gisting, neyðar- og viðgerðarþjónusta og aðgengi að upplýsingum – um veg (ófærð, hálfu, þoku) og afþreyingu. Það er, vísað er á áhugaverða staði sem vert er að heimsækja ef tími leyfir.

Þegar upplýsingamiðlun við vegakerfið hér er skoðuð út frá þessum þáttum kemur í ljós að ýmislegt má bæta. Eins bregður við að upplýsingagjöf sé stundum einungis ætluð heimafólki (mynd 25). Það er hins vegar talsverður munur á að vera vegfarandi í heimalandi eða á ókunnugum slóðum.



Mynd 25. Aðvörunarskilti sem einungis er á íslensku. Ljósm. SG, 2015.

Í Handbók Vegagerðarinnar um umferðarmerki (2010), segir í kafla E02.63, að „æskilegt sé að hefja vegvísun a.m.k. 500 m fyrir framan áningarstað“. Þegar þetta er tekið saman er algengast að aðeins eitt skilti vísi á hvern áningarstað við hringveginn og er það nær undantekningalaust um 0,5 km eins og bent er á í handbókinni. Hún kveður hins vegar ekki um að aðeins eitt skilti skuli látið duga. Gerð var prufa á Skeiðarársandi með að setja fleiri skilti við áningarstað, eða í 2 km, 1 km og 0,5 km fjarlægð og hefur það mælst vel fyrir (Reynir Gunnarsson, munnleg heimild, 30. mars 2016).

Vegfarandi sem ekur bifreið á 90 km hraða gefst ráðrúm í 25—30 sekúndur á 500 m vegkafla til að taka ákvörðun um hvort nota skuli áningarstað eða ekki, og hægja á í tæka tíð. Fyrir vegfarendur sem eru kunnugir hringveginum skiptir þetta kannski ekki sköpum en fyrir þá sem þekkja ekki til er það skammur tími til ákvörðunar. Á upplýsingaskiltum í Evrópu er einnig miðlað hve langt sé til næsta áningar-/eldsneytisstöðvar. Þetta fyrirkomulag eykur þann tíma sem vegfarendur hafa til þess að gera áætlanir um hvíldarstopp eða áningu, jafnvel þó þeir séu með öllu ókunnugir veginum (mynd 26a-c).



Mynd 26a-c. Vegvísun á áningarstaði við hraðbrautir í Frakklandi og Þýskalandi. a og b). Áður en komið er að áningarstað er vísað á vegalengd að hinum næsta. c) Sömu sögu er að segja um vegvísun á næstu eldsneytisstöð. Ljósmyndir SGB, 2015.

Á mynd 27 er dæmi um hvernig upplýsingaskilti gætu verið sett upp við áningarstaðina. Vegvísun hefst a.m.k. 2 km áður en komið er að áningarstaðnum og telur vegalengdina áfram niður með 1 km og 0,5 km millibili. Áður en kemur að afrein birtast stærri skilti sem vekja athygli á áningarstaðnum sem slíkum og ýmsu fleiru. Skiltin eru beggja vegna við veginn þar sem tilgangur þeirra er einnig að vekja athygli á næsta áningarstað, í hvora áttina sem framundan er, auk annarra upplýsinga. Við 0,5 km skiltið er síðan ör sem vísar til þeirrar áttar sem ekið er út af hringveginum á áningarstaðinn.

Litlu skiltin eru þau sem nú þegar eru notuð og almennt með mjög skýra merkingu í íslenskri umferðarmenningu sem á alþjóðlega vísu. Stóru skiltin eru hins vegar ekki til hér enn sem komið er, en sambærileg upplýsingaskilti eru algeng erlendis en með ýmsu sniði.

Mynd 28 er tillaga um hvaða upplýsingar ættu að koma fram á stærri skiltunum. Til þess að geta kynnt dæmi var valinn af handahófi einn af stöðunum sem vísað er á sem álitlegan áningarstað í framtíðinni (Fífutjörn). Í þessu tilviki myndi vegfarandi mæta skiltinu á austurleið en samkvæmt tillögu um Fífutjörn er gert ráð fyrir að áningarstaður yrði norðan við veginn, á vinstri hönd þeirra sem aka austur hringvegin. Skiltið er fjórskipt. Efsti reiturinn er síðasta vegvísun á áningarstaðinn og hefur auðkenni fyrir athyglisverðan

viðkomustað (t.v.). Táknid er þekkt erlendis en er ekki í handbók Vegagerðarinnar. Vegna þess að þar eru engin auðkenni fyrir áningarstaði á sérstökum ferðamannavegum á Íslandi í handbókinni, var það valið í þessu dæmi. Það á að auðkenna stað þar sem vakin er sérstök athygli á ferðamannavegi.



Mynd 27. Tillaga að vegvísun að áningarstað við ferðamannveg.

Í reitnum kemur auk þess heiti áningarstaðarins, ör er þar undir sem bendir til þeirrar hliðar sem bílastæðið er og alþjóðlegt P fyrir það. Neðan við eru merkingar fyrir hvað staðurinn hefur upp á að bjóða, í þessu tilfalli áningu og myndrænan stað. Þar undir er reitur sem vekur athygli á hvar næsti athyglisverði áningastaður er og hvaða möguleikar eru þar í boði. Við Hestgerði er upplýsingaskilti og borð sem Vegagerðin hefur sett upp fyrir þó nokkru síðan en auk þess er möguleiki á annarri afþreyingu eins og gönguferðum ef því er að skipta.

Þriðji reiturinn eru upplýsingar um staði sem snúa að grunnþörfum vegfarenda, áningu, salerni og eldsneyti. Taldir eru upp fjórir staðir hér en sá fjöldi þarf ekki vera nauðsynlegur. Það sem er markmiðið með þessari upplýsingamiðlun er að vegfarendur geta gert áætlanir um hvar og hvenær skuli stoppa. Ferðamenn vilja taka ákvörðun um hvort stoppa skuli um stund, í svokölluðum „piss-stoppum“ og fá sér kannski kaffi eða mat í leiðinni. Meðan engar eru upplýsingarnar um slíka staði sætir ekki undrun þó vegfarendur velji afvikna staði við hringveginn til þess að sinna kalli náttúrunnar.

Í neðsta reitnum eru síðan upplýsingar um næsta þéttbýlisstað og þjónustu sem getur skipt máli fyrir vegfarendur sem eru ókunnugir hringveginum. Til dæmis gisting, tjaldsvæði, neyðaraðstoð og jafnvel viðgerðarverkstaði eru atriði sem væru gott að hafa.

EKKI skal setja of miklar upplýsingar á skiltin, og alltaf þær sömu í hverjum reit. Inni á áningarstaðnum sjálfum getur fræðsla og upplýsingar verið af misjöfnu tagi en þurfa að vera til staðar. Þær ættu að taka mið af því hvað sé eftirsóknarvert á viðkomandi stað. Á fjölmörgum áningarstöðum eru slíkar upplýsingar nú þegar komnar upp en á aðra áningarstaði vantar þær. Núna (2016) eru upplýsingar sérhvers áningarstaðar mismiklar og formgerð ólík.



Mynd 28. Dæmi um upplýsingar á skiltum við áningarstaði á ferðamannavegi.

Hér er ekki gert ráð fyrir kostnaði enda verið að koma fram með hugmynd til nánara ráðaskrafs fyrir Vegagerðina og samfélagið. Búa þyrfti til nýja framsetningu upplýsinga á sérstökum skiltum og samræma þær. Jafnframt yrði að fjölga skiltum umtalsvert og lengja aðdraganda að sérhverjum stað.

Tilkostnaður yrði alltaf einhver en áningarstaðina mætti smám saman byggja upp, í takti við þær vegaförum sem ráðgerðar eru ár hvert. Benda má á að ferðamannavegir erlendis hafa aðdráttarafl fyrir ákveðna markhópa og eru því tekjumyndandi fyrir þau héruð sem veginir liggja um. Kannski sveitarfélög og ferðaþjónusta gæti komið að slíku verkefni ásamt Vegagerðinni.

Samantekt

Markmið verkefnisins *Áningarstaðir og örugg vegútskot á Suðausturlandi með áherslu á náttúrufar og myndrænt svipmót* var tvíþætt. Í fyrsta lagi að koma með með tillögur um tíu staði sem bæta má við sem áningarstaði á Suðausturlandi með tíð og tíma. Í öðru lagi að benda á þá hugmynd að þematengja þá og gera vegkaflann frá sýslumörkum Austur-Skaftafellssýslu, á Skeiðarásandi að Streitishvarfi, sunnan Breiðdalsvíkur í S-Múlasýslu, að eins konar ferðamannavegi. Þessi 300 km vegkaflinn á hringveginum er í umdæmi vegagerðarinnar á Höfn í Hornafirði.

Þegar þetta er ritað (2016) eru 37 áningarstaðir við hringveginn á umræddu svæði. Þeir eru mjög misjafnir þegar horft er til stærðar, upplýsingar eða þjónustu. Almennt gildir að áningarstaðir eru ætlaðir vegfarendum til að hvílast, snæða eða setja eldsneyti á ökutæki án þess að þurfa að gera sér sérstaka ferð á annan veg eða götu. Hringvegurinn er stofnbraut en en tilhneigingin er að ferðamenn og aðrir vegfarendur umgangist hann sem sveitaveg eða útivistarveg. Þeir stöðva bifreiðar mjög víða annars staðar á þessari leið, á veginum sjálfum eða vegöxl, til þess að taka myndir eða njóta þess sem fyrir augu ber. Fyrir vikið skapast annarri umferð hætta.

Ástæða er til að fjölga áningarstöðunum, þó ekki væri nema í lágmarksstærð, vegna áðurgreindra atriða. Þar geta unnið saman akstursöryggi á hringveginum en jafnframt aukist ánægja ferðalanga af vegleiðinni sjálfri. Staðirnir sem eru nefndir í skýrslunni eru þeir staðir sem lagt er til að gerðir verði næst sem áningarstaðir, byggt á þverfaglegu áliti sérfræðinga um áhugavert umhverfi og umferðaröryggi.

Á Suður- og Suðausturlandi liggur hringvegurinn yfir landslag og meðfram stöðum sem gera hann að einstaklega áhugaverðri aksturleið. Hægt er að nýta þennan möguleika og gera þennan kafla formlega að ferðamannavegi. Það er hægt án þess að það komi niður á umferðaröryggi eða kosta þurfi miklum fjármunum til. Segja má að hringvegurinn sinni þessu hlutverki nú þegar óformlega, af umfjöllun að dæma af vefsíðum um ferðamálefni og eftirminnilegar vegleiðir. Víða erlendis eru vegir gerðir að sérstökum vegum eða tileinkaðir áherslum sem höfða til ákveðinna markhópa. Það sama mætti gera við hringveginn og myndi það líklega auka áhuga ferðamanna á leiðinni.

Á þessum landshluta er falleg náttúra og myndrænt svipmót þær áherslur sem geta tengt núverandi áningarstaði saman og aðra til framtíðar. Áherslurnar taka mið af því hvað höfðar til ferðamanna sem fara um þessar slóðir. Þarna er mikið um áhugavert myndefni við hringveginn, athyglisverðar jarðmenjar afar víða, lífríkið og menning. Í skýrslunni er tæpt á hvað þurfi að bæta við veginn til þess að auðkenna hann sem ferðamannaveg að erlendri fyrirmynd. Við leggjum til að notuð verði ákveðin upplýsingaskilti sem beina vegfarendum inn á athyglisverða áningastaði. Samtímis miðla þeir jafnframt frekari upplýsingum sem auðvelda að gera áætlanir varðandi grunnþarfir vegfarenda, þar á meðal salernisaðstöðu, en þær hafa verið umfjöllunarefni fjölmiðla á undanförunum árum.

Viðauki A Áningarstaðir (2015)

Í lok árs 2015 voru 37 áningarstaðir og útskot af einhverju tagi við hringveginn, frá sýslumörkum Austur-Skaftafellssýslu, á Skeiðarársandi að Streitishvarfi í S-Múlasýslu. Í meðfylgjandi töflu eru lýsingar á þessum stöðum samkvæmt vef Vegagerðarinnar og yfirfarið af Reyni Gunnarssyni, rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Höfn.

Tafla 1. Hnit í metrum (ISNET 93, Iceland grid).

Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
1	1	Sæluhúsakvísl (Stórirfarvegur)	589078	385441	Farvegur jökulhlaups 1996. Gerð er tillaga sem upphafs-/endastað með kynningarskilti um áhersluveg og upplýsingar / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	nei	nei	nei
2	1	Skeiðará (útskot)	599860	388439	Áningarstaður með brúarbita / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	5	3	nei	nei
3	998	Skaftafell (vegkafli 1,9 km)	599397	391964	Áningarstaður, verslun/Fræðsla, leiðsögn.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					3	5	3	já	já
4	1	Hafrafell -1 (útskot)	601341	390839	Útskot, myndrænt útsýni til Skaftafells- og Svínafellsjökuls / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	nei	nei	nei	nei
5		Hafrafell -2 (vegkafli 2,7 km)	603701	391196	Útskot ekki á vegum Vegagerðarinnar, myndrænt útsýni til Skaftafells- og Svínafellsjökuls / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	nei	nei	nei	nei
6	1	Sandfell (vegkafli 0,45 km)	608232	384121	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	1	nei	nei	nei
7	1	Háalda (vegkafli 0,1 km)	608537	382343	Útskot / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	nei	nei	nei	nei

Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
8	1	Kvíárjökull (vegkaflí 0,2 km)	625655	384236	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
9	1	Jökulsárlón (vegkaflí 0,35 km)	637783	396973	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	2	já	já	já
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
10	1	Hali (útskot)	645216	406470	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	1	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
11	1	Hestgerði (útskot)	656423	412670	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	1	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
12	1	Vatnajökull (útskot) ~20 km að Jöklaseli F985	660413	417719	Útskot / Upplýsingar, fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	nei	2	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
13	9831	Skálafell	661068	420033	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	1	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
14	9831	Hólmsá/ Eskey (útskot)	668768	422674	Áningarstaður, Eskey / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	3	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
15	986	Haukafell (vegur 6,3 km)	668855	431737	Tjaldsvæði / Opinn skógur.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					2	já	nei	já	já
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
16	99	Hafnarvegur (útskot)	684761	426409	Upplýsingaútskot /Upplýsingar.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	já	1	nei	nei

Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
17	99	Höfn (útskot)	684761	426409	Tjaldsvæði Höfn, upplýsingaútskot.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					já	já	2	já	já
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
18	99	Dynjandi (útskot)	688900	426677	Krosshraunstangi, fuglalíf / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
19	981	Almannaskarð (vegkafli 1,2 km)	691893	426182	Áningarstaður/Útsýni / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	2	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
20	1	Þorgeirsstaðaklif (útskot)	696505	431676	Áningarstaður, minnisvarði, minjastofnun / fræðsla (í vinnslu).				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					já	já	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
21	1	Reyðará (útskot)	703995	441959	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	2	1	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
22	1	Hálsaklettur vestan Hvalness (útskot)	712306	442511	Áningarstaður undir Hvalnesfjalli, Fuglalíf, fjara /fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
23	1	Hvalnesskriður (útskot)	715953	446224	Útskot við Hlaupgeira				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
24	1	Þvottáskriður (útskot)	716386	448774	Útskot sunnan Stapavíkur				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
25	1	Stapavík (vegkafli 0,2 km)	716606	449363	Áningarstaður, Fuglalíf, fjara / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	nei	nei	nei

Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
26	1	Þvottá (vegkafli 0,1 km)	716228	452730	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	2	1	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
27	1	Melrakknes (útskot)	717701	463147	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
28	1	Hamarsfjörður (útskot)	717484	469706	Áningarstaður (Vvigtunarstaður),, Djáknadys / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei1	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
29	1	Stekkjartangi (útskot)	719654	470021	Útskot.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
30	1	Askur (vegkafli 0,3 km)	723093	470177	Áningarstaður / fFræðsla / skógrækt				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					2	já	nei	já	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
31	1	Grjónadý Djúpavogsafli. (útskot)	723889	470039	Áningarstaður, Djúpavogsafleggjari.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	1	1	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
32	1	Teigarhorn (útskot)	722435	471663	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	2	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
33	1	Berufjörður, (vegkafli 0,4 km)	715100	480208	Áningarstaður, Fossavík / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
34	1	Berufjörður (útskot)	715017	481376	Áningarstaður nærri Lindárbrekku undir Arnarbólshjalla / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	nei	nei	nei

Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
35	939	Öxi (útskot)	710877	485760	Áningarstaður við Selánærri Folaldafossi / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					1	nei	Nei	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
36	1	Blábjörg (útskot)	723258	475618	Áningarstaður / fræðsla (í vinnslu).				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	nei	já	nei	nei
Nr	Vegnr	Staðarheiti	x	y	Þýðing/flokkun				
37	1	Streiti	738493	479378	Áningarstaður / fræðsla.				
					Borð	Söguskilti	Uppl.	Ruslatunnur	Klósett
					nei	já	nei	nei	nei

Viðauki B

Aðrir álitlegir staðir sem voru ekki valdir, m. a. vegna öryggissjónarmiða eða kostnaðar.

Tafla 2. Röð (nr.) talin frá Skeiðarársandi til Streitishvarfs, vegnúmer, staðarheiti og skýring á útskoti í sviga, hnit í ISNET 93 og athugasemdir.

Nr	Vegnr	Staðarheiti/kafli	x	y	Athugasemdir
1	1	Sandgígjur (útskot)	578600	383425	Sýslumörk Austur-Skaftafellsýslu. / Upplýsingar. Koma hefði mátt upp kynningarskilti hér en fallið frá vegna líkinda á sandfoki.
2	1	Háalda eða	586753	385283	Jarðsig vegna jökulbráðunar undir jökulaur. Gamli vegurinn snarhallar vegna þess. / Fræðsla á breytingum vegna jökuls. Fallið frá: Vegbútur 1,4 km frá hringvegi.
3		Harðaskriða	587210	385471	
4	1	Skeiðarársandur	593881	387068	Myndrænt útsýni til Öræfajökuls. Nr. 4 og 5 eru við hringveg en 6 á varnargarði vestan við farveg Skeiðarár en þar sést enginn vegur í forgrunni. Fallið frá: Margir staðir í grennd. / Myndastaðir.
5		— (útskot)	594617	387109	
6		— (vegkafli 1—2 km)	595940	389191	
7	1	Hóláraurar (útskot)	621137	381300	Myndrænt útsýni til Hólárjökuls og Staðarfjalls.
8	1	Múlagljúfur (útskot)	627489	385584	Útsýni og myndræn sýn til Öræfajökuls, fræðsla, jöklar í grennd.

Nr	Vegnr	Staðarheiti/kafli	x	y	Athugasemdir
9	1	Breiðarárur (útskot)	630972	394303	Útsýni og myndræn sýn til Örafajökuls, fræðsla um Breiðamerkursand og Breiðamerkurjökul.
10	1	Hrollaugshólar (útskot)	642035	404629	Myndræn sýn til Fellsfjalls og Þverártinds, fræðsla um Hrollaugshóla og Breiðamerkurjökul.
11	1	Fífutjörn 1)	653406	412183	Útsýni yfir Suðursveit og Borgarhafnarfjall (Fallastakkanöf) og fagra tjörn. Fræðsla, myndrænt umhverfi. Fallið frá: Önnur aðkoma að tjörninni er í tillögum.
12	1	Bjarndýrshólar (útskot)	669500	423210	Útsýni til Mýrajökla. Fallið frá: Of nærri Hólmsá/Eskey.
13	1	Baulutjörn (útskot)	673678	427410	Myndrænt útsýni. Fallið frá: Blindhæð nærri
14	1	Viðborð (útskot)	674208	432288	Eyðibýli, myndrænt útsýni. Fallið frá: Landeigandi, væntanleg tilfærsla þjóðvegs.
15	1	Gildrasker	676290	433652	Myndrænt útsýni til Hoffellsjökuls. Fallið frá: Landeigandi, væntanleg tilfærsla þjóðvegs.
16	1	Þveit 2)	681463	431279	Myndrænt útsýni. Fallið frá: Væntanleg tilfærsla þjóðvegs.
17	1	Fjarðará	693801	428823	Útsýni, fræðsla, Slufrudalsinnskotið og Endalausidalur. Fallið frá: Stutt í önnur útskot.
18	1	Hvalnesviti (útskot)	712281	442537	Fjara, fuglalíf. Myndrænt umhverfi. Fallið frá: Landeigandi, tillaga um aðkomu á öðrum stað.
19	1	Hvaldalur (útskot)	715448	443715	Útsýni til Hvalsnesfjalls og Hvaldals. Fuglalíf, fjara. Fallið frá: Áningarstaður nærri, sandfok.
20	1	Mælifellsdalur (útskot)	715839	447509	Gamall áningarstaður vegagerðarmanna. Fallið frá: áningarstaður nærri.
21	11	Hólsnes (útskot)	713856	461847	Útsýni yfir Álftafjörð. Fallið frá: Tillaga að öðrum áningarstað í firðinum.
22	11	Stekkjatangi	719623	469999	Útsýni yfir Hamarsfjörð. Fallið frá: Tillaga að öðrum áningarstað í firðinum.
23	11	Búlandsnes (útskot)	724015	470312	Menning, þjóðtrú, „álfakirkja“. Fallið frá: áningarstaður nærri, hættuleg beygja.
24	11	Búlandsdalur (útskot)	721392	472726	Áningarstaður, Langahraun. Fallið frá: áningarstaður nærri.
24	11	Skjól/Streitishvarf (útskot)	737249	478524	Áningarstaður, viti. Fallið frá vegna öryggis.

Heimildir

Andalucia.com (2015). *Sierra de las Nieves*, vefgrein. Vefslóð: <http://www.andalucia.com/environment/protect/sierradelasnieves/home.htm>

Áberandi hraðakstur erlendra ferðamanna (2007, 13. ágúst). *Mbl.is*, netfrétt. Vefslóð: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2007/08/13/aberandi_hradakstur_erlendra_ferdamanna/

Áberandi hve erlendir ferðamenn eru oft teknir fyrir hraðakstur (2014, 7. ágúst). *Vísir*, netfrétt. Vefslóð: <http://www.visir.is/aberandi-hve-erlendir-ferdamenn-eru-oft-teknir-fyrir-hradakstur/article/2014140809471>

Berglind Steinþórsdóttir (2008). *Upplýsingamiðlun og aðstaða fyrir ferðamenn á áningarstöðum*. B.S. ritgerð, Raunvísindadeild, Land- og ferðamálafræðiskor, Háskóli Íslands.

Berre, N. & Lysholm H. ritstj. (2008). *Detour – Architecture and design along 18 National tourist routes in Norway*. www.turistveg.no

Bertulien, L. & L. Juknevičiūtė-Zilinskienė (2014). *Roadside Infrastructure and Rest Areas Concepts in Lithuania*. The 9th International Conference “ENVIRONMENTAL ENGINEERING”, 22–23 May 2014, Vilnius, Lithuania. Vefslóð: http://leidykla.vgtu.lt/conferences/ENVIRO_2014/Articles/4/145_Bertulienė.pdf

Björn Ólafsson (1996). *Handbók um Umferðarmerki og notkun þeirra*. Reykjavík: Útg. Vegagerðin.

Erlendir ferðamenn í vandræðum (2013, 4. mars). *ruv.is*, netfrétt. Vefslóð: <http://www.ruv.is/frett/erlendir-ferdamenn-i-vandraedum>

GHAR (2011). *Großglockner Hochalpenstraßen AG*. Vefslóð: <http://www.grossglockner.at/en/hochalpenstrasse/>

Gyða Þórhallsdóttir & Rögnvaldur Ólafsson (2015). *Fjöldi gesta í Vatnajökulsþjóðgarði*. Útg. Vatnajökulsþjóðgarður, Reykjavík.

LosApos.com (2015a). *The Romantic Road in Germany*. Vefslóð: <http://www.losapos.com/romanticroad>

LosApos.com (2015b). *Route des Grandes Alpes (Great Alpine Road)*. Vefslóð: http://www.losapos.com/great_alpine_road

LosApos.com (2015c). *One ring to rule them all: Road trip on the Iceland ring road*. Vefslóð: http://www.losapos.com/iceland_ring_road_trip

Nasjonale turistveger (2016). Vefslóð: <http://www.nasjonaleturistveger.no>

Schultz, P. (2003). *1,000 Places to See Before You Die: A Traveler's Life List Paperback*. Workman Publishing Company; First Edition. New York, USA.

Statens vegvesen (2016). vefslóð: <http://www.vegvesen.no/en/Home>

Vegagerðin (2010). Handbók um Umferðarmerki, Þjónustumerki. Útg. Vegagerðin. Slóð: <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/umferdarmerki/>

Vegagerðin (2013). *Áningarstaðir*. Slóð: <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/aningastadir/>

Vegagerðin (2015). *Gæðahandbók þjónustudeildar*. Vefslóð: <http://www.vegagerdin.is/sthbthjon.nsf/>

30 einbreiðar á 300 kílómetrum (2016, 2. febrúar). *ruv.is*, netfrétt. Vefslóð: <http://www.ruv.is/frett/30-einbreidar-a-300-kilometrum>

Viðauki C

Minnisblað Harðar Bjarnasonar vega- og umferðarverkfræðings hjá Mannvit, um öryggi áningarstaða við hringveginn.